

BORGARRÁÐ 20. ágúst 2020: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um eignir Reykjavíkurborgar í Gufunesi - R20050317

28. maí síðastliðinn lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram tíu spurningar varðandi eignarhald, sölu, leigu og úthlutunum eigna Reykjavíkurborgar í Gufunesi frá þeim tíma að borgin keypti svæðið af Faxaflóahöfnum 17. júlí 2015. Þessum spurningum var svarað í borgarráði 23. júlí 2020, sem hér með er þakkað fyrir. Svörin vöktu nokkrar nýjar spurningar sem hér með eru lagðar fram: 1. Reykjavíkurborg er eigandi töluvert margra eigna á svæðinu. Hvert er fasteignamat, brunabótamat og væntanlegt markaðsvirði þessara eigna og hvað marga fermetra er um að ræða. 2. Óskað er eftir sundurliðun vegna þeirra viðskipta sem þegar hafa farið fram skv. fyrra svari. Um er að ræða bæði fasteignakaup og byggingaland. Upphaflegt kaupverð og þá dagsetningu sem um ræðir. -Vorur þessir samningar vísitölutryggðir.- Hvaða greiðslur hafa borist vegna hvers samnings og dagsetningar greiðslna. -Uppfærðar eftirstöðvar hvers samnings framreiknað til dagsins í dag. Þeir aðilar sem um ræðir eru: RVK Studios ehf., GN Studios ehf., Gufunes Fasteignafélag ehf., Kuklarinn ehf., Loftkastalinn ehf., A 1-5 ehf. og Þorpið vistfélag ehf.